

Alþingi
Erindi nr. P 128/1641
komudagur 11.3.2003

efndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2003

Efni: Tillaga til þingsályktunar um niðurfellingu landingargjalda fyrir reglubundið millilandaflug á Akureyri og Egilsstaðaflugvöllum.

Icelandair fagnar jafnan hverri þeirri tillögu sem stjórnvöld leggja fram sem miða að því að bæta rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja og stuðla að fjölgun erlendra ferðamanna til landsins.

Félagið vill þó benda á að engin heimild er til þess í lögum um loftferðir að leggja á mismunandi landingargjöld á sama flugvelli eftir því hvort fyrirtæki reka innanlandsflug eða millilandaflug. Þess má að auki geta að slík mismunun hefur víða verið kærð á Evrópska efnahagssvæðinu og mál tapast þess vegna.

Icelandair hlýtur enn fremur að leggja áherslu á að Alþingi beiti sér ekki sérstaklega til þess að greiða niður kostnað erlendra flugfélaga sem fljúga milli Íslands og annarra landa í samkeppni við innlend flugfélög.

Virðingarfyllt
Fh. Icelandair

Gudjon Arngrimsson